

BRÁÐABIRGÐALÖG

124

9. des.

um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937,
um gjaldeyrisverzlun o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að enda þótt svo sé ákveðið í 3. gr. laga nr. 82 9. júlí 1941, að heimilt sé að ákveða, að óheimilt sé að selja eða veðsetja innstæður á biðreikningum, sem myndaðar eru samkvæmt ákvæðum þeirra laga, séu engin viðurlög lögð við brotum á slíku banni, og telur hann nauðsynlegt, að ákvæði um slík viðurlög verði sett inn í lög.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laga nr. 82 9. júlí 1941, bætist:

Má í reglugerðinni ákveða um viðurlög fyrir brot gegn henni og um málsmeðferð út af brotum á henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

LÖG

125

9. des.

um breyting á lögum nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er enn fremur ríkisstjórninni að láta efna til gagnfræðaskóla á Siglufirði, Norðfirði, Seyðisfirði og Akranesi, þegar kaupstaðir þessir óska þess og uppfylla skilyrði laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.